

FÍLD

Ársskýrsla FÍLD starfsárið 2023-2024

Stjórn FÍLD: Formaður: Lilja Björk Haraldsdóttir. Gjaldkeri: Guðmundur Helgason. Ritari: Guðrún Óskarsdóttir. Meðstjórnandi: Hildur Ólafsdóttir. Meðstjórnandi: Margrét Bjarnadóttir. Varamaður: Irma Gunnarsdóttir. Varamaður: Sigurður Andrean Sigurgeirsson.

FÍLD á fulltrúa í eftirtöldum stofnunum/bandalögum:

- **Bandalag Íslenskra Listamanna:** Lilja Björk Haraldsdóttir.
- **SAFAS** – Samráðsvettvangur fagfélaga í sviðslistum: Lilja Björk Haraldsdóttir.
- **SSÍ - Sviðslistasamband Íslands:** Irma Gunnarsdóttir. Varamaður: Lilja Björk Haraldsdóttir
- **Gríman - Íslensku Sviðslistaverðlaunin:** Einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi í Grímunefnd.
- **Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík:** Margrét Bjarnadóttir. Varamaður: Ólöf Ingólfssdóttir.
- **Bakland Listaháskóla Íslands:** Sandra Ómarsdóttir er fulltrúi FÍLD í baklandinu.
- FÍLD er jafnframt hagsmunaaðili að **Sviðslistamiðstöð Íslands**.

Fulltrúar í Listdansráði Íslenska dansflokksins skipaðir af SAFAS

Aðalfulltrúar: Ólöf Ingólfssdóttir og Guðmundur Helgason. Varafulltrúar: Katrín Johnson og Ólafur Darri Ólafsson. Formaður listdansráðs, skipaður af menningarmálaráðherra: Sigríður Soffía Níelsdóttir aðalmaður og Jóhanna S. Jafetsdóttir varamaður. Jóhanna tók við formennsku haustið 2022 þegar Sigríður Soffía óskaði að stíga til hliðar.

Aðalfundur FÍLD var haldinn 3.febrúar 2023

Stjórnarkjör: Fráfarandi stjórnarmeðlimir voru Irma Gunnarsdóttir formaður, Guðmunda Pálmadóttir ritari, Sandra Ómarsdóttir meðstjórnandi og Inga Maren Rúnarsdóttir varamaður. Lilja Björk Haraldsdóttir var kosin sem formaður, Guðrún Óskarsdóttir sem ritari, Margrét Bjarnadóttir sem meðstjórnandi og Irma Gunnarsdóttir sem varamaður.

Fundir og helstu viðburðir á árinu

Stjórnarfundir voru haldnir mánaðarlega og gekk stjórnarsamstarfið vel. Ýmis verkefni voru á borði stjórnar og skipti stjórn með sér verkum er kom að skipulagningu viðburða og verkefna en sú vinna fór að miklu leyti fram á milli stjórnarfunda. Helstu viðburðir á árinu voru:

- námskeið fyrir listdanskennara í samstarfi við Dansverkstæðið 18. mars,
- Dagur listdanskólanna 27.mars,
- Hátíðarsýning listdanskólanna á Barnamenningarhátíð 18. apríl,
- Round table með sjálfstæðu senunni 25. apríl
- Meeting point milli dansara og danshöfunda 25. maí.

Haustið hófst svo með kaffispjalli um umsóknir um listamannalaun og sviðslistasjóð með ráðgjafa frá Rannís og endaði með SOLO undankeppni PRIX DU NORD þann 22. október. Árið 2024 hófst með viðburði fyrir danskennara sem kenna í grunnskólum þann 29. janúar sem ber heitið Deilum reynslu.

Formaður stjórnar var tilnefnd af SAFAS til þess að sitja í starfshóp um mótun sviðslistastefnu ríkisins og hefur verið á vikulegum fundum síðan í byrjun október við undirbúning og gerð stefnunnar. Formaður situr einnig í starfshóp um inngildingar og aðgengisstefnu BÍL.

FÍLD á vettvangi BÍL

Formaður FÍLD sækir mánaðarlega stjórnarfundi BÍL. Meðal málefna á borðum BÍL á árinu voru umhverfi starfslaunasjóða listamanna og þróun á starfsumhverfi listamanna og listgreina, kjaramál listamanna í samstarfsverkefnum og störfum fyrir RUV, stuðningur við stofnun Þjóðaróperu, aðkoma að opinberri umræðu og stefnumótun er varða opinberar stefnur í listum, ritun og undirbúningur þáttagerðar um sögu BÍL, lokunar listamanna dvalarinnar Circolo Scandinavio í Róm, stuðningur við stofnun Barnamenningarmiðstöðvar, gerð inngildingar og aðgengisstefnu BÍL og margt fleira.

BÍL vinnur mjög yfirgripsmikið starf f.h. allra listamanna og listgreina, þar sem heildarhagsmunir listanna eru í forgrunni. Mikilvægt er fyrir danslistamenn að eiga sér talsmann á vettvangi BÍL en þar á dansinn tvo fulltrúa, formann FÍLD og formann DFÍ.

FÍLD á vettvangi SSÍ og SAFAS

Fundarseta formanns var töluverð á árinu en með tilkomu SAFAS og verkaskiptingar á milli SSÍ og SAFAS eru fundir orðnir fleiri en áður var. Irma Gunnarsdóttir fyrrverandi formaður er aðalfulltrúi FÍLD í SSÍ en mun Lilja taka við af henni eftir aðalfund 26. Febrúar. Irma situr einnig í stjórn SSÍ fram að næsta aðalfundi sambandsins en þá verður kosið aftur í stjórn. Málefni SSÍ snúa að miklu leyti að Grímunni og öllu sem viðkemur fyrirkomulagi á íslensku sviðslistaverðlaununum. SSÍ vekur árlega athygli á alþjóðlegum degi leiklistar sem haldinn er 27. mars ár hvert. Auk þess að þýða erlent ávarp sem gefið er út af alþjóða leikhúsmálastofnun UNESCO í tilefni dagsins er einnig fenginn íslenskur sviðslistamaður til að semja ávarp í tilefni dagsins. Í ár var það Ólafur Egilsson leikari sem samdi og flutti ávarp alþjóðlega leiklistardagsins. Orri Huginn Ágústsson forseti SSÍ hefur leitt vinnu við mótun sviðslistastefnu fyrir Menningar- og viðskiptaráðuneytið en starfshópur sviðslistastefnu tók til starfa í haust. Í starfshópnum sitja: Orri Huginn Ágústsson, Friðrik Friðriksson og Vigdís Jakobsdóttir fyrir Sviðslistamiðstöð, Magnús Geir Þórðarson og Marta Nordal fyrir hönd SAVÍST, Lilja Björk Haraldsdóttir og Hlynur Páll Pálsson fyrir hönd SAFAS og Friðbjófur Þorsteinsson og Tinna Grétarsdóttir fyrir hönd SL. Dansinn á því tvo fulltrúa í starfshópnum.

Á vettvangi SAFAS voru kjaramál sviðslistafólks mikið til umræðu á árinu en einnig form á samstarfsverkefnum milli ríkisrekkinna sviðslistastofnanna og sjálfstæðra sviðslistahópa. SAFAS hefur áhyggjur af neikvæðum áhrifum vaxandi fjölda samstarfsverkefna við ríkisreknar sviðslistastofnanir og hefur sett sig í samband við SSÍ vegna málsins en þörf er á frekari skilgreiningu og regluramma um samstarfsverkefni frá hinu opinbera, með það að markmiði að skapa betra starfsumhverfi fyrir sjálfstætt starfandi listamenn innan sviðslista. SAFAS beitti sér einnig þegar til stóð að fella niður flokkinn barnasýning ársins á Grímunni og úr varð að svo varð ekki. SAFAS tilnefnir einnig aðila í sviðslistaráð og starfshóp um sviðslistastefnu en formaður FÍLD var tilnefnd í hið síðarnefnda eins og áður hefur komið fram.

Mótun sviðslistastefnu fyrir Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Vinnuhópur um mótun sviðslistastefnu fyrir Menningar- og viðskiptaráðuneytið tók til starfa 9. október 2023 og hefur hópurinn fundað vikulega síðan. Ráðgjafinn Bjarni Snæbjörn Jónsson var fenginn inn til þess að aðstoða hópinn við undirbúning, framkvæmd og eftirvinnslu samtals við sviðslistageirann í heild. Haldnir voru fjölmargir rýnihópar við ólíka hagaðila innan geirans ásamt stórum opnum fundi í Þjóðleikhúskjallaranum þann 6. Desember 2023. Úrvinnsla þeirra niðurstaða er nú komin vel á veg og

vinna við skrif stefnunnar er hafin en skila á fyrstu drögum inn til ráðherra um miðjan febrúar. Hópurinn mun því halda áfram að hittast vikulega og vinna að stefnunni sem mun svo einnig fara í samráðsgátt þar sem almenningur getur komið með athugasemdir við stefnuna. Vonast er til þess að hægt sé að leggja þingsályktunartillögu fram á vörþingi.

Dagur Listdansskólanna

Félag íslenskra listdansara stofnaði til dags listdansskólanna í tengslum við afmælisdag FÍLD. Með deginum vill FÍLD auka sýnileika á mikilvægi listdansskólanna og það frábæra uppeldisstarf sem skólarnir gegna í samfélaginu. Í ár var dagurinn haldinn í annað skipti og tókst vel til þar sem skólar birtu myndir og vídeó á sínu instagrammi og merktu við Dag listdansskólanna, sá Hildur Ólafsdóttir um að deila áfram á okkar reikning en best væri þó ef það eru tveir aðilar sem sjá um þetta saman. Áætlað er að halda áfram í ár og verður skólum boðin þátttaka bráðlega. Dagurinn mun án efa varpa ljósi á það frábæra starf sem fram fer í listdansskólum landsins en það er mjög þarft að auka sýnileika og vekja athygli á gildum listdans menntunar og starfsemi listdansskólanna. Í landinu eru starfræktir 10 einkareknir listdansskólar en auk þeirra hafa sjálfstætt starfandi danslistamenn og ýmis dansstudio staðið fyrir fjölbreyttu námskeiðahaldi í gegnum árin.

Alþjóðlegi dansdagurinn 29.apríl

FÍLD lét þýða ávarp alþjóðlega dansdagsins sem gefið er út af alþjóða leikhúsmálastofnun UNESCO ár hvert. Það var Steinunn Kr. Þorvaldsdóttir sem tók að sér að þýða ávarpið í ár en ávarpið var samið af Yang Lipin, dansara og danshöfundu frá Kína. FÍLD birti það á samfélagsmiðlum og sendi út á félagsmenn í tilefni dagsins.

Samstarfsverkefni Dansverkstæðisins og FÍLD

FÍLD hafði áður farið í gang með samstarfsverkefni Dansverkstæðisins og FÍLD er snýr að námskeiðahaldi fyrir dansara í kennsluaðferðum dansins. Haldnar hafa verið tvær vinnustofur annars vegar í desember 2022 og svo í mars 2023. Mikil ánægja var með námskeiðin og var það Meeri Susanna Mäkinen frá Finnlandi sem sá um þau. Ætlunin er að bjóða upp á eitt námskeið í viðbót með henni en þetta eru stutt 3ja tíma námskeið um kennsluaðferðir í dansi. Námskeiðin eru niðurgreidd fyrir meðlimi Dansverkstæðisins og FÍLD þ.a.um að gera fyrir félagsmenn að nýta sér það.

En farið var í frekara samstarf við Dansverkstæðið á árinu þar sem fókusinn var á sjálfstæðu senuna, haldið var bæði round table þar sem markmiðið var að FÍLD tengdist sjálfstæðu senunni betur og fjallað

var um þau málefni sem brunnu helst á þeim sem starfa innan senunnar en þar kom fram m.a takmörkuð styrkjatækifæri, aðgengi að störfum innan stofnanna voru lítil og mörg upplifðu að ákveðið bil hefði myndast milli eldri kynslóðar dansara og þeirra sem eru nýlega útskrifuð og þau því upplifað sig utangátta í senunni. Í kjölfarið af þeirri umræðu var haldið svokallað meeting point milli danshöfunda og sjálfstætt starfandi dansara þar sem markmiðið var að danshöfundar kynntu sínar aðferðir og að dansarar fengu tækifæri til þess að kynna sig. Það mætti kalla þetta opnar prufur sjálfstæða geirans. Þeir danshöfundar sem tóku þátt að þessu sinni voru Katrín Gunnarsdóttir og Rósa Ómarsdóttir en Yelena Arakelow kenndi morguntíma og heppnaðist dagurinn mjög vel þar sem um 20 dansarar tóku þátt. Veitingar voru sponsaðar af Joe and the Juice og Brauð og co. Markmiðið er að halda a.m.k eitt meeting point á ári með mismunandi danshöfundum hverju sinni.

Í haust var svo boðið upp á kaffisþjall um umsóknir um listamannalaun og sviðslistasjóð með Óskari Eggert Óskarssyni frá Rannís sem gat svarað spurningum viðstaddra um umsóknarferlið og vinnslu umsókna. Kaffisþjallið heppnaðist vel og mættu um 8 - 10 manns.

Áætlað var að halda sameiginlegt jólaglögg Dansverkstæðisins og FÍLD í desember en það gekk því miður ekki vegna anna formanns FÍLD.

DANSSTEFNA 22/32

Dansstefnan var gefin út árið 2022. Dansstefnan er leiðarljós í vinnu FÍLD næstu árin en hugmyndin er að stefnan geti nýst stjórn í opinberum viðræðum og hagsmunabaráttu við hið opinbera. Stjórn ákvað einnig að velja sér þrjú meginmarkmið úr stefnunni til þess að vinna að á hverju ári og árið 23/24 voru það: **skólamálin, sjálfstæða senan og sýnileiki dansins**. Stefnan hefur nú þegar nýst sem innlegg í opinbera stefnu um sviðslistir en allir hagsmunaaðilar sviðslista hafa fengið DANSSTEFNU 22/32 senda auk þess sem stefnan hefur verið send á menningar- og viðskiptamálaráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið, háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og til allra aðila hjá Reykjavíkurborg sem hafa með málefni sviðslista og listnám að gera. Formaður afhenti einnig persónulega mennta- og barnamálaráðherra Ásmundi Einari Daðasyni stefnuna á fundi sínum við hann í júní 2023.

Fréttir af bókinni um íslenskan listdans

Eins og félagsmönnum er kunnugt hefur Ingibjörg Björnsdóttir unnið að bókinni um íslenskan listdans undanfarin ár. Hið íslenska bókmenntafélag hefur samþykkt að gefa bókina út með þeim skilyrðum að textinn verði stytur um helming. Ingibjörg hefur nú stýtt textann og er stefnt á að gefa bókina út í sumar.

Formaður átti góðan fund með Ingibjörgu nýlega þar sem farið var yfir textabrot um starfsemi FÍLD ásamt því að finna myndefni fyrir bókina.

Óstytt útgáfa af bókinni verður prentuð út í ritgerðarformi sem heimildarrit fyrir dansstofnanir og skóla. Ingibjörg er búin að vinna mjög yfirgripsmikla heimildarvinnu, til að glata ekki niður öllum þeim sögulegu staðreyndum sem óstytt útgáfa geymir ákvað hún að varðveita allan texta sem skrifaður hefur verið. Óstytt heimildarútgáfan verður bundin inn á látlausan hátt á næstunni, án myndefna í örfáum eintökum og mun FÍLD fá að varðveita eitt eintak.

SOLO – undankeppni PRIX DU NORD

SOLO einstaklingskeppnin í klassískum listdansi fór fram sunnudaginn 22.október á Nýja sviði Borgarleikhússins. FÍLD stóð að keppninni í samstarfi við þátttökuskólana og var þátttaka nemenda mjög góð. SOLO er undankeppni fyrir norrænu ballettkeppnina PRIX DU NORD sem verður haldin í Gautaborg í lok mars. Fjórir íslenskir dansnemar munu spreyta sig í PRIX DU NORD í þetta sinn. Nánar um aðalkeppnina er hægt að nálgast á heimasíðu keppinnar <https://prixdunord.org/>.

Hátíðarsýning listdanskólanna á Barnameningarhátíð

Félag íslenskra listdansara stendur árlega fyrir hátíðarsýningu listdanskólanna í samstarfi við Barnameningarhátíð Reykjavíkur. Hátíðarsýningin fór fram í Eldborgarsal Hörpu þriðjudaginn 18.apríl. Um 100 nemendur frá 8 listdanskólum tóku þátt í sýningunni og tókst sýningin mjög vel. Stjórnendur Barnameningarhátíðar eru mjög stoltir af þessum dansviðburði og þykir sýningin mikil lyftistöng fyrir nemendur listdanskólanna, aðstandendur og áhugafólk um dans og barnameningu.

Staða grunnnáms í listdansi

FÍLD hefur lengi kallað eftir lagaramma og auknu fjármagni með grunnnámi í listdansi. Lítið hefur verið aðhafst hjá menntamálaráðuneytinu í málinu þrátt fyrir ítrekuð erindi frá FÍLD til ráðuneytisins um stöðu grunnnáms í listdansi. Í fyrra var framkvæmd úttekt á grunnnámi í listdansi og var vonast til þess að úttektin myndi leiða til aukins fjármagns til námsins sem og að komið verði á regluramma utan um kennslu og greiðslufyrirkomulag með náminu. Seinasta vor var staðan hjá Listdansskóla Íslands orðin mjög alvarlega og leit jafnvel út fyrir að loka þurfti skólanum. FÍLD efldi til undirskriftasöfnunar og ýtti á ráðherra um að fá fund með honum. Sem betur fer náðist að bjarga skólanum fyrir horn tímabundið en óvíst er hvernig framtíð hans verður. Því miður hefur ráðuneytið verið í litlu sambandi við skólana hvað

varðar grunnnámið og svo virðist sem að það sé enginn sem sér sérstaklega um þessi mál hjá þeim. Skólarnir eru enn ekki með neina samninga fyrir grunnnámið en hægt er að sækja um styrk einu sinni á ári. Það hefur því miður lítið breyst og vinnan við að koma á regluramma og öruggu fjármagni í kringum námið heldur áfram. Næsta skref hjá FÍLD og skólunum er að hefja viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga því það þarf að komast á samningur milli ríkis og sveitarfélaganna til þess að hægt sé að halda áfram.

Það er mikil þörf á heilsteyptri og opinberri skólastefnu frá yfirvöldum er kemur að listdansnámi. Grunnám skv. aðalnámskrá listdanskóla er einungis brotabrot af því dansnámi sem fram fer í landinu og því ekki rétt að líta einungis til þess hluta listdansnáms. Til að framfylgja DANSSTEFNU 22/32 í menntamálum dansins þarf að koma til samtals og samstarfs á milli ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að styðja heildrænt við starfsemi listdanskóla í landinu og efla uppbyggingu á skólaumhverfi dansins. Markmið í ár er einnig að virkja betur samtal og samstarf listdanskólanna um uppbyggingu á skólaumhverfi dansins. Það er hægt í gegnum okkar sameiginlega fagvettvang FÍLD og hvetur formaður FÍLD listdanskólana og skólastjórnendur til meira samstarfs í framtíðinni.

Framhaldsskólastig í listdansi

Samkvæmt upplýsingum sem formaður hefur stendur ekki til að gera úttekt á námi framhaldsskólastigs í listdansi á árinu. Samningar vegna framhaldsnáms í listdansi rann út 31. ágúst og hafa skólarnir verið beðnir um að skrifa undir viðauka á meðan ráðuneytið vinnur að nýjum samningi. Fyrsti viðauki náði til lok septembers 2023, næsti þar á eftir var til þriggja mánaða, október - december 2023. og nýjasti viðaukinn sem skólarnir fengu nú í janúar á að gilda í 6 mánuði eða til 30. júní. Augljóst er að þessi vinnubrögð bjóða hvorki upp á stöðugleika né öryggi skólanna. FÍLD stefnir að því, í samráði við skólana, að taka á málinu og reyna að finna framtíðarlausn fyrir framhaldsskólastig í listdansi.

Nýstúdent af listdansbraut MH fékk viðurkenningu frá FÍLD fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum

Síðastliðið vor fór fram útskrift frá MH að venju. Fjölmörg fagfélög veita nýstúdentum bókarverðlaun og viðurkenningar fyrir námsárangur á stúdentsprófi og hefur FÍLD veitt slík verðlaun undanfarin ár. Það var *Sylvía Kristín Ívarsdóttir* nýstúdent af listdansbraut MH sem hlaut viðurkenningu FÍLD í ár. Fékk hún ævisögu Helga Tómassonar að gjöf fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum og heillaóskir frá félaginu.

Niðurstaða STEF vegna stefgjalda sem nú eru innheimt af listdanskólum

Árið 2019 ákvað stjórn STEFs að innheimta skyldi stefgjöld af listdanskólum vegna tónlistar notkunar í danstímum. Voru listdanskólar afar ósáttir með gjaldheimtu STEFs og leituðu til FÍLD vegna málsins. FÍLD sendi STEF erindi í kjölfarið með ósk um að stefgjöld á listdanskóla yrðu endurskoðuð en gjöldin eru í engu samræmi við stefgjöld sem innheimt eru af annarri barna- og unglingastarfsemi. Irma Gunnarsdóttir og Guðmundur Helgason áttu fund með forsvarsmönnum STEFs í upphafi árs 2023 þar sem farið var yfir málið. STEF tók athugasemdir FÍLD til greina og ákveðið var að taka stefgjöld á listdanskóla til endurskoðunar. Niðurstöður úr þeirri endurskoðun komu frá STEF þann 10. Maí 2023 og eru eftirfarandi: *Allir dansskólar verða settir undir sama hatt og munu dansskólarnir greiða höfundaréttargjöld til STEFs miðað við iðkendafjölda. Ekki verði því miðað við fjölda tíma í stundatöflu eins og áður var lagt upp með. Dansskólarnir munu koma til með að greiða fyrir hvern nemanda/iðkanda 295.- kr til STEFs, og 177.- kr fyrir SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), samtals 472.- kr. á ári.*

Vorum við í FÍLD nokkuð ánægð með þessa niðurstöðu en ljóst er að hún hentar dansskólunum misvel en erfitt er að finna lausn sem hentar öllum þar sem skólarnir starfa á ólíkan hátt með mismunandi fjölda nemenda. Nánar um stefgjöld má lesa hér <https://stef.is/vidskiptavinir/>.

Spennandi tímar framundan

Mikið hefur gerst á liðnu ári og fögnuðum við m.a 50 ára afmæli Íslenska dansflokksins. Vinna við gerð opinberrar sviðslistastefnu er langt komin, þar sem ný framtíðarsýn og stefna verður sett fram til næstu 10 ára. FÍLD í samstarfi við danssamfélagið og hagsmunaaðila sviðslista í landinu getur haft mikil áhrif og tekið þátt í mótun á framtíðaráformum er varða starfsumhverfi danslistafólks. Við hlökkum til framhaldsins og teljum framtíð dans á Íslandi vera bjarta!

Áfram íslenskur listdans!

Dags 03.02 2024

f.h. stjórnar

Lilja Björk Haraldsdóttir

formaður FÍLD